

Vinnuskipulag sérnámslækna

Smásjárskoðun: Eðli greiningarvinnu meinafræðinnar er þannig, að ekkert sýni er útskrifað án aðkomu sérfræðinga. Greiningarvinna og uppvinnsla sérnámslækna á sýnum fer þannig fram, að þeir forskoða smásjargler frá þeim tilfellum, sem þeir skera úr og frá öðrum smásýnum og gera tillögu að vefjasvari. Síðan sitja þeir við tvíhöfða smásjá með þeim sérfræðingi, sem er ábyrgur fyrir viðkomandi sýnum, þar sem farið er yfir öll tilheyrandi smásjargler og fá þannig „maður á mann“ kennslu í öllum þeim sjúklegu breytingum, sem fram koma í viðkomandi tilfelli, sem og kennslu hvað varðar ábendingar fyrir ýmsar viðbótarrannsóknir, sem gæti þurft að gera til þess að auka nákvæmni vefjagreiningarinnar í hverju tilfelli fyrir sig.

Verklagsreglur sérnámslækna varðandi smásjárskoðun og útskriftir vefjasýna

- Daginn sem sérnámslæknir er í móttöku ferskra sýna fær hann til skoðunar allar bíopsíur (B-sýni) og smásýni (H-sýni lífeindafræðinga) þess sérfræðings, sem er á vakt þann dag. Sérnámslæknir og sérfræðingur útskrifa sýnin saman samdægurs eða að morgni daginn eftir.
- Sérnámslæknir fær til skoðunar öll þau sýni, sem hann skar úr eftir vaktina og útskrifar með sérfræðingi.
- Önnur stærri sýni, sem ekki falla undir “vaktsýni” eru skoðuð af þeim sérnámslæknum, sem skáru úr viðkomandi sýnum og útskrifuð með ábyrgum sérfræðingi.
- Reyndari sérnámslæknir (á 2. námsári) þarf ekki í öllum tilvikum að sitja með sérfræðingi við endanlega útskrift sýna og er það fyrirkomulag samkomulagsatriði þeirra í millum, en í öllum tilfellum skoðar sérnámslæknirinn sýnin og fær endurgjöf frá ábyrgum sérfræðingi varðandi uppvinnslu og greiningu á sýnunum.

Krufningar: Framkvæmd sjúkrahúskrufninga er alfarið í höndum sérnámslækna. Í byrjun þurfa sérnámslæknar á fyrsta ári/stigi mikla kennslu og þjálfun í framkvæmd krufninga og er hún aðallega veitt af 2. árs sérnámslæknum en einnig sérfræðingum. Sérfræðingur í meinafræði er alltaf ábyrgur fyrir hverri krufningu og leggur hann línurnar um framkvæmdina og hefur eftirlit með framgangi í hvert sinn. Að lokinni krufningu fer sérfræðingurinn yfir þær stórsæju breytingar, sem kunna að finnast í hverju líffærakerfi fyrir sig, sem svo eru staðfestar/greindar með smásjárskoðun af sérnámslækni og sérfræðingi við tvíhöfða smásjá.

Verklagsreglur sérnámslækna varðandi framkvæmd og frágang sjúkrahúskrufninga

- Sérnámslæknar bera ábyrgð á undirbúningi, framkvæmd og frágangi sjúkrahúskrufninga.
- Sérnámslæknar sjá um samskipti við klíníska lækna fyrir og eftir krufningu eftir þörfum.
- Sérnámslæknar skrifa frumgreiningarskýrslu strax eftir krufningu og skera úr krufningunni sem fyrst.
- Sérnámslæknar fá til skoðunar gler úr krufningunni og bera ábyrgð á því, að endanleg krufningarskýrsla verði útskrifuð eigi síðar en mánuði eftir framkvæmd.

